

Gátlisti fyrir leikskóla

Félagsfærni – Sjálfefling – Læsi - Sköpun – Heilbrigði



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Leikskóli

Þessi gátlisti er verkfæri fyrir starfsfólk SFS til að meta að hvaða grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er nú þegar unnið að í skólanum/frístundastarfinu og hvaða þætti þarf að innleiða á næstu árum. Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Hagsmunaaðilar úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar komu að því að móta vísbendingar um gæðastarf út frá grundvallarþáttum menntastefnunnar. Gátlistinn er unnin upp úr umræðupunktum sem safnað var saman á fundum og í rýnihópum með börnum/unglingum, starfsfólki og foreldrum í víðtæku samráði við mótnun stefnunnar. Gæðaviðmið innra og ytra mats í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi voru höfð til hliðsjónar við gerð gátlistans.

Gátlistinn er fyrst og fremst ætlaður til stuðnings á vettvangi skóla- og frístundastarfsins. Starfsstaðir geta nýtt gátlistann á þann hátt sem þeir vilja en lagt er til að starfsfólk noti hann til umræðu og mats á hvernig staðan er og hvert skuli stefna í innleiðingu menntastefnunnar. Vísbendingar eru leiðbeinandi fyrir starfsstaðina til að efla tiltekinn þátt í áherslum menntastefnunnar, en skólinn/frístundastarfið velur hvort allar vísbendingar gátlistans séu undir. Gátlistann er hægt að nota sem innra mats tæki starfsstaða.

Með því að meta starfið í upphafi innleiðingar menntastefnunnar eru starfsstaðir með mikilvæg gögn til að byggja á í innleiðingu hennar næstu árin, skoða stöðuna í upphafi og meta framfarir.

Matskvarði:

Matskvarðinn byggir á fimm punkta kvarða, þar sem starfsfólk metur hverja vísbendingu út frá viðmiðum sem menntastefnan byggir á. Vísbendingunum fylgir kvarði sem segir til um að hve miklu leyti skólinn/frístundastarfið uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Kvarðinn er eftirfarandi:

KVARÐI	
5	Að fullu komið til framkvæmdar
4	Að miklu leyti komið til framkvæmda
3	Að hluta til komið til framkvæmda
2	Að litlu leyti komið til framkvæmda
1	Ekki komið til framkvæmda



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni



Viðmið fyrir félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að félagsfærni í leikskóla:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er markvisst með félagsfærni.						
2. Í skólanámskrá kemur fram hvernig leikskólinn stuðlar að virkri þátttöku barna.						
3. Í skólanámskrá/starfsáætlun kemur fram hvernig virkt samstarf er við aðra leikskóla, grunnskóla, frístund, þjónustumiðstöð.						
4. Í stefnu leikskólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla félagsfærni barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
5. Frjáls leikur barna fær gott rými innan dagskipulagsins.						
6. Í umhverfi leikskólans eru góðar aðstæður/svæði/rými fyrir frjálsan leik.						
7. Unnið er með leikinn/leiki þar sem höfðað er til ábyrgðar og virkni allra barna.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

8. Unnið er markvisst með samvinnu og samkennd barna með áherslu á margbreytileika.						
9. Unnið er markvisst með hópefli í barnahópnum.						
10. Starfsfólk er til staðar og leiðbeinir börnum í frjálsum leik þegar það á við.						
11. Reglur leikskólans eru skýrar og öll börn taka þátt í að móta þær, m.t.t. til aldurs og þroska.						
12. Öll börn fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. samverustund, leikjum, hópastarfi.						
13. Öll börn eru þjálfuð markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum og samræðum.						
14. Börn hafi val um fjölbreytt viðfangefni, efnivið, hreyfingu, vettvangsferðir og fleira eftir þeirra áhugasviðum.						
15. Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af námi barna.						
16. Fjölbreytt samfélagsverkefni eru unnin, t.d. umhverfisverkefni, endurvinnsla, góðgerðarverkefni, sjálfbóðaliðastörf.						
17. Markvisst er unnið að því að efla gagnrýna hugsun barna.						
18. Börn eru hvött til þess að aðstoða og leiðbeina hvert öðru t.d. í fataklefa, eldri aðstoða yngri.						
19. Starfsfólk sér til þess að öll börn hafi jafngild tækifæri í leik og starfi.						
20. Börn eru hvött til og fá tækifæri til að tjá sig í hópi.						
21. Börn þjálfist í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annarra og virða þær.						
22. Börn þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.						
23. Börnum er kennt að þekkja tilfinningar sínar með umræðum um tilfinningar.						
24. Börnum er kennt að hrósa hvert öðru á uppbyggjandi hátt.						
25. Starfsfólk sér til þess að börn fá tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum.						
26. Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa úr ágreiningsmálum.						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Viðbótarvísbendingar frá leikskólanum.						
27.						
28.						
29.						
30.						
31.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Sjálfsfelling: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu.



Viðmið fyrir sjálfsfellingu: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu.

Sjálfsfelling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsfelling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að sjálfsfellingu í leikskóla.	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er markvisst með sjálfsfellingu barna.						
2. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið sé með einstaklingum og styrkleika þeirra.						
3. Í stefnu leikskólans er áhersla lögð á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla sjálfsfellingu barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
4. Börn eru hvött til að segja sínar skoðanir og standa með þeim.						
5. Börnum er hjálpað að finna styrkleika sína og vinna með þá.						
6. Börn setja sér markmið í námi og meta sitt eigið nám/færni.						
7. Börn eru hvött til og þjálfast í að setja orð á tilfinningar sínar í daglegu starfi.						
8. Börnin koma fram fyrir aðra og t.d. syngja leika leikrit eða segja sögu.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST




Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

9. Börn eru hvött til að tjá sig um ýmis málefni sem tengjast leikskólanum.						
10. Börn eru hvött til sjálfshjálpar t.d. klæða sig, ganga frá eftir sig, fá hlutverk í daglegu starfi.						
11. Börnum er treyst til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra.						
12. Viðfangsefni barnanna er krefjandi og tekur mið af færni hvers barns.						
13. Komið er til móts við áhugasvið barna.						
14. Börn fá hlutverk sem efla þau t.d. barn vikunnar.						
15. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika barna.						
16. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir.						
17. Starfsfólk tileinkar a.m.k 10 mínútur á dag hverju barni, t.d. Gefðu 10.						
18. Starfsfólk er til staðar fyrir börnin.						
19. Starfsfólk leggur áherslu á að ávinna sér traust barna.						
20. Áhersla er á tilfinningalæsi, börnum er kennt að þekkja tilfinningar sínar.						
21. Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra.						
22. Starfsfólk notar hvatningu og markvissa endurgjöf.						
23. Hvert barn fær þann stuðning/aðstoð sem það þarf.						
Viðbótarvísbendingar frá leikskólanum.						
24.						
25.						
26.						
27.						
28.						
29.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Læsi í leikskólum: Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi.



Viðmið fyrir læsi: Skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnni hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að læsi í leikskóla:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Áætlun leikskólans um markmið og leiðir til að efla mál og læsi kemur fram í skólanámskrá.						
2. Læsisáætlun er til út frá aldri barnanna (eldri/yngr).						
3. Í stefnu leikskólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla læsi barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
4. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin í notalegu umhverfi.						
5. Bækur eru valdar út frá gæðum, fjölbreytni, jafnrétti og menningu.						
6. Nærumhverfi leikskólans er nýtt til að efla umhverfisvitund/læsi, t.d. vettvangsferðir, bókasafn, umhverfisvernd, umferðarlæsi, náttúra, ritmál í umhverfinu.						
7. Markvisst er unnið með umhverfismennt, umhverfisvernd og sjálfbærni.						
8. Tölur, stafir, tákn og myndir eru sýnilegar á veggjum deilda í hæð barnanna.						
9. Notað er sjónrænt skipulag í umhverfi leikskólans, t.d. dagskipulag, merkja hluti og efnivið.						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

10. Ritmálsörvandi efniviður er aðgengilegur börnum, t.d. skriffæri, litir, skæri, blöð, tímarit o.fl.						
11. Skráningar eru gerðar í tengslum við verk barnanna og eru sýnilegar/aðgengilegar börnunum í þeirra hæð, sbr. ferilmappa eða skráning við verk uppi á vegg.						
12. Daglega er lesið fyrir börnin í litlum hópum eða einstaklingslega.						
13. Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í sögustundum, t.d. lesa sögur, teikna sögur, loðtöflusögur, sögutöskur/kassar, segja sögur frá eigin brjósti, hljóðbækur.						
14. Söngur, þulur og ljóð eru markvisst nýtt til málörvunar.						
15. Börn eru hvött til að segja og semja sögur, ljóð og leikrit.						
16. Unnið er með alla þætti bernskulæsis: hljóðkerfisvitund, orðaforða, frásagnarhæfni og sögugerð.						
17. Nýttar eru ólíkar leiðir til læsis með margvíslegri tækni.						
18. Börn eru hvött til ritunar í frjálsum leik s.s. kubbum og hlutverkaleik.						
19. Markvisst samtal er daglega við öll börn á deildinni, t.d. Gefðu tíu.						
20. Virk umræða er um málefni líðandi stundar og áhugi barna ræður ferðinni.						
21. Unnið er markvisst með heimamenningu, margbreytileika og menningarläsi.						
22. Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir í daglegu starfi, gæðamálörvun.						
23. Starfsfólk skapar umræður með börnum um bækur, sögur, spil, ljóð, söngva og myndir.						
24. Starfsfólk er meðvitað um að vera góðar málfyrirmyndir.						
25. Starfsfólk vinnur markvisst að því að efla og auðga orðaforða barna.						
26. Starfsfólk hvetur til samræðna með fjölbreyttum aðferðum t.d. tal, tákn, myndir og hlutir.						
27. Foreldrar fá fræðslu um lestur og málumhverfi barna og mikilvægi þess að lesa heima.						
Viðbótarvísendingar frá leikskólanum.						
28.						
29.						
30.						
31.						
32.						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:

Sköpun í leikskólum: Skapandi hugur og hönd.



Viðmið fyrir sköpun: Skapandi hugsun

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að sköpun í leikskóla:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er markvisst að því að efla sköpun í námi og leik barna.						
2. Í skólanámskrá kemur fram hvernig börn eru þátttakendur í að móta menningu leikskólans.						
3. Í skólanámskrá kemur fram hvernig börn eru virkir þátttakendur og njótendur barnalistar og barnamenningar.						
4. Í stefnu leikskólans er áhersla lögð á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla sköpun barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
5. Börn fá að nýta eigin sköpunarkraft og eigin hugmyndir í verkefnavinnu og frjálsum leik.						
6. Áhersla er á skapandi ferli í námi og starfi með börnum.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

7. Í skipulagi leikskólans er gefinn nægur tími fyrir fjölbreytta sköpun.						
8. Markvisst er unnið með skapandi og gagnrýna hugsun í tengslum við verkefni.						
9. Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni.						
10. Börnum er treyst til að framkvæma eigin hugmyndir og hafa áhrif.						
11. Börnum er gefið svigrúm og leiðsögn til þess að þróa leikræna tjáningu, dans og tónlist.						
12. Nám og umhverfi stuðlar að forvitni barna og áhuga þeirra í þekkingarleit sinni.						
13. Starfsfólk notar opnar spurningar í umræðum með börnum.						
14. Fjölbreyttur og opin efniviður er aðgengilegur/sýnilegur fyrir öll börn, s.s. litir, blöð, kubbar, endurnýtanlegur efniviður, verkfæri, náttúrulegur efniviður.						
15. Áhersla er á fjölbreyttar og ólíkar leiðir í sköpun (list- og verkgreinar).						
16. Söngur/söngtexti, sögur, ljóð, þulur og ævintýri eru nýtt sem kveikjur til sköpunar.						
17. Efniviður til tónlistar og leikrænnar tjáningar er til staðar s.s. hljóðfæri, búningar og leikmunir.						
18. Verk barnanna eru sýnileg í leikskólanum og hluti af menningu leikskólans.						
19. Í umhverfi leikskólans er gott rými sem hvetur til sköpunar.						
20. Farið er í vettvangsferðir á listasöfn og á menningaviðburði.						
21. Börn taka þátt í að skipuleggja menningarviðburði og hátíðir í leikskólanum.						
22. Náttúrulegt umhverfi, söfn og menningarstofnanir eru nýtt sem uppspretta fróðleiks, hugmynda og innblásturs.						
23. Tækni er nýtt til sköpunar, sögugerðar, skráninga með hliðsjón af hæfni og þekkingu barna.						
24. Hvatt er til tilrauna með tækni.						
Viðbótarvísbendingar frá leikskólanum.						
25.						
26.						
27.						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Heilbrigði í leikskólum: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan.



Viðmið um heilbrigði: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan.

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að heilbrigði í leikskóla.	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er markvisst að því að efla heilbrigði.						
2. Í stefnu leikskólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla heilbrigði barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
3. Almenn umræða er um heilbrigði og hollustu í daglegum athöfnum, t.d. matartímum, samverustundum, hvíld, fataklefa, leik og útiveru.						
4. Námsumhverfi endurspeglar fjölbreytilegan barnahóp þar sem vellíðan barna er í fyrirrúmi.						
5. Unnið er að því að skapa verkefni um heilbrigði, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollan mat.						
6. Virðing er fyrir margbreytileika mannlífsins.						
7. Börnum er boðið upp á hollan og næringaríkan mat í leikskólanum.						
8. Börn hafi tækifæri/eru hvött til að hjálpa sér sjálf í matartíma.						
9. Börnin hafi gott aðgengi að vatni í leikskólanum.						



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

10. Almennar hreinlætisvenjur eru viðhafðar s.s. handþvottur og andlitsþvottur.						
11. Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist.						
12. Börn fá fjölbreytta hreyfingu og íþróttir í skipulögðu starfi og í frjálsum leik, úti og inni.						
13. Útivera og hreyfing fer fram í fjölbreyttu umhverfi.						
14. Börn stundi slökun/núvitund/hugleiðslu reglulega.						
15. Starfsfólk er fyrirmyndir og tileinkar sér jákvæð samskipti og skapar gott andrúmsloft.						
16. Starfsfólk notar samræmd vinnubrögð í samskiptum við börn.						
17. Starfsfólk eflir hvern einstakling til að sýna jákvæða og ábyrga hegðun, virða mörk annara og fara eftir fyrirmælum.						
18. Virðing og vinátta einkennir leikskólabrag.						
19. Andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan barna er í fyrirrúmi.						
20. Í skipulagi og umhverfi leikskólans er stuðlað að eins mikilli ró og hægt er.						
21. Í umhverfi leikskólans eru skapaðar aðstæður þar sem börn fá næði til að einbeita sér.						
22. Starfsfólk vinnur að jákvæðum samskiptum heimilis og leikskóla með vellíðan barns í huga.						
Viðbótarvísbendingar frá leikskólanum.						
23.						
24.						
25.						
26.						
27.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:						



Dæmi um hvernig vísbendingar skóla geta sýnt hvar þeir eru staddir í þeim þáttum sem menntastefnan leggur áherslu á:



MATSKVAÐI			Fjöldi	%
4,1- 5,0	5	Að fullu komið til framkvæmdar		
3,1– 4,0	4	Að miklu leyti komið til framkvæmda		
2,1 - 3,0	3	Að hluta komið til framkvæmda		
1,1 - 2,0	2	Að litlu leyti komið til framkvæmda		
0 - 1,0	1	Ekki komið til framkvæmda		

Litirnir í vísbendingunum sýna meðaltalsútkomu í hverjum þætti:

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST





Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

MATSKVAÐI			Fjöldi	%
4,1- 5,0	5	Að fullu komið til framkvæmdar		
3,1- 4,0	4	Að miklu leyti komið til framkvæmda		
2,1 - 3,0	3	Að hluta komið til framkvæmda		
1,1 - 2,0	2	Að litlu leyti komið til framkvæmda		
0 - 1,0	1	Ekki komið til framkvæmda		

